

1866.
20. júlí.

á móti, að Moltke-Hvitfeldt greifa verði sagt fyrir, eins og utanríkisstjórnin hefir ætlað sér. Samt sem áður skal þess getið, að dómsmálastjórninni ekki finnast nægar ástæður til að gjöra neinar slíkar ráðstafanir viðvikjandi embættismönnum á Íslandi, sem utanríkisstjórnin hefir vikið á, og ættu að snu leyti að veita sömu tryggingu og það, sem sendiherranum í Parísarborg verður sagt fyrir um, og skulum vèr um það láta oss nægja að taka fram, að uppboðið, sem svo mikið hefir verið talað um og á að vera ólöglegt, ekki yrði ónýtt nema farinn væri lagavegur og að maður sá, sem Frakkar virðast einkanlega að bera sig upp undan, en það er Hinrik prestur Hinriksson að Skorrastað, hefir ekki komið fram eins og embættismaður í þessu máli, þó hann sé embættismaður, heldur eins og milligöngumaður milli frakkneska skipstjórans og hlutaðeigandi sýslumanns. Að öðru leyti leyfum vèr oss að búast við að fá að vita, hver árangurinn verður af samningum utanríkisstjórnarinnar við frakknesku stjórnina um málefni þetta.

6. ágúst.

68. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um fæðispeninga handa landlæknum á embættisferð.

Útaf því, að gjörð hefir verið sú útásetning um jafnaðarsjóðsreikning vesturumdæmisins fyrir árið 1864, þá er hann var endurskodaður, að Hjaltalín landlækni og jústizráði hafi verið borgaðir úr sjóði þessum 3 rd. á dag í fæðispeninga á embættisferð, er hann fór til Stykkishólms sama sumar, í stað þeirra 2 rd., sem ákveðnir eru í kansellíbréfi 18. júnímán. 1840, hefir Bogi Thórarensen sýslumaður, er áður var settur amtmáður í vesturumdæminu, farið þess á leit í bænaraskrá, er hingað barst með bréfi yðar, herra amtmáður, 25. maímán. þ. á., að dómsmálastjórnin leggi samþykki sitt á útborgun þessa. Þér hafið getið þess, að þó að þér ekki getið verið beiðandanum samdóma um, að með kansellíbréfi þessu sé að eins skorið úr ein-

stöku tilfelli, er fyrir hafi komið, því að eptir því sem í bréfinu stendur, virðist einmitt hafa átt að ákveða með því, hversu mikla fæðispeninga landlæknirinn megi reikna sèr yfir höfuð að tala á visitáziuferðum sínum, þá getið þèr ekki annað en sannað, að það sè satt, sem vikið er á í bænarskránni, að minni fæðispeningar mundu ekki hrökkva til fyrir mann í hans stöðu til gjalda þeirra, sem koma fyrir á ferð á Íslandi, og hafið þèr því lagt til með, að útborgun þessi megi standa óhöggud í þetta sinn.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörið það, að dómsmálastjórnin eptir atvikum fellst á uppástungu yðar í þessu efni.

1866.
6. ágúst.

69. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um launaviðbót eptir kornverði handa bæjarfógetanum á Akureyri.

6. ágúst.

Þar sem Stephán Thórarensen, bæjarfógeti á Akureyri, hefir spurt um í skjali, er hingað hefir borizt beina leið, hvort stjórnarráðið áliti ekki, að hann eigi rétt á að fá launaviðbót eptir kornverði af þeim 200 rd. á ári, er hann fær úr ríkissjóðnum sem bæjarfógeti, og ef því verður neitað, þá af hverjum ástæðum, eruð þèr beðnir, herra amtmaður, að leiða athygli hans að því, sem stendur í 3. gr. nr. 1 í lögum 19. febrúarmán. 1861, um laun handa embættismönnum og sýslunarmönnum, er heyra undir stjórnarrád konungsríkisins, að undanteknum þeim, sem eru í sjálfum stjórnarráðunum, þar sem svo segir, að ákvarðanirnar í lögum þessum um launaviðbót eptir kornverði eigi ekki við um þá embættismenn og sýslunarmenn, sem að mestu leyti hafa óvissar tekjur í laun, smbr. 3. gr. í lögum 19. janúarmán. 1863, um launaviðbót handa ymsum embættismönnum á Íslandi.